

ÞÝZK GRAFÍK Frábær sýning á Kjarvalsstöðum

Ein elzta grein myndlistar er grafíkin, eða myndir, sem unnt er að fjölfalda. Þó að þessi listgrein eigi sér aldalanga hefð meðal erlendra þjóða, þá er hún tiltölulega ung listgrein hér á landi, bundin þessari öld.

orðið að visindagrein fyrir löngu að skilja það allt og skilgreina. Nú hefur enn rekið á fjórir íslenskra listunnenda, því að félagið Germania hefur fengið hingað til lands einhverja þá beztu sýningu á grafík, sem hér hefur verið hengd upp. Þeir nefna sýningu þessa Þýzk

grafík á vorum dögum og þar sýna rúmlega 30 listamenn eitt hundrad myndir. Það er Institut für Auslandsbeziehungen in Stuttgart, sem leggur sýninguna til, en að sögn Davíðs Ólafssonar, seðlabankastjóra tók það tvö ár að fá þessa eftirsóttu sýningu hingað til lands.

Sýningunni fylgir vönduð sýningarskrá, þar sem gerð er grein fyrir hverjum einstökum myndlistarmanni og lærd ritgerð fylgir um þýzka grafík eftir Tomas Grochowaik, sem er, ef ég man rétt, forstjóri ríkislistasafns í Rinarlöndum, og stórt nafn í umræðu og listfræði.

Meðal listamanna, sem þarna eru með verk, eru sumir heimsfrægir fyrir vinnu sína, eins og t.d. Horst Antes og Paul Wunderlich. Um þann siðarnefnda má t.d. segja, að haft er fyrir satt, að séria af myndum hans, sem oft eru í rúmlega 100 eintökum, seljist fyrir milljónatugi. (1. stk. á 120.000 kr.).

Frá þessu er aðeins sagt til þess að lýsa því á veraldlegan hátt, að hér er um mikla dýrgripni að ræða.

Þótt hér hafi aðeins verið nefnd tvö nöfn, hefi ég það eftir sérfröðum manni, að þarna sé saman kominn mjög góður kjarni af þýzkri grafík, eins og hún gerist bezt á vorum dögum.

Margir fleiri eftirtektarverðir listamenn sýna þarna, sem hafa vald á nær óskiljanlegri tækni, og má þar nefna Wolf Vostell sem sýnir sáldprent af nýstárlegri gerð, þar sem m.a. mulið gler er notað í myndirnar og Diter Krieg sem líklega er furðulegastur allra í tækni.

Hann myndi teljast til súmara hér á landi og hvet ég þá sérstaklega til þess að skoða verk hans á sýningunni, en framúrsteftulistarverk hér á landi eru stundum mjög vond frá tækni- legu sjónarmiði.

Þá munu margir kannast við nöfn eins og Horst Janessen og Heinz Mack, sem þýkja mjög góðir listamenn og Ruppert Geiger, sem sífellt klifur á hinu sama.

Sýning sem allir ættu að sjá.



Það má deila endalást um það hvort þetta þversnið af þýzkri grafík sé endilega það eina og sannasta, því að góðir grafíkarar skipta þúsundum. Frakkar máluðu, en Þjóðverjar unnu að grafík, segja listfræðingarnir okkur, og telja sig finna geðslagid eða þjóðarsálina þar. Um það verður ekki fjallað hér, aðalatriðið er, að hér er á ferðinni einhver bezta grafík sýning sem hingað til lands hefur komið.

Félagið Germania hefur oft stabið fyrir ýmsum uppákomum, en það er félag áhugamanna um Þýzka land og Island sameiginlega. Þetta seinasta framlag félagsins til menningarmála á Islandi verður seint fullmetið.

Það kom í hlut Braga Asgeirssonar, listmálarar að setja sýninguna upp og hefur honum farizt það vel úr hendi.

Hann fer þarna rétta leið, og það fór vel á því, að einn af okkar beztu grafíkarum skyldi þarna hefður með í ráðum en Bragi Asgeirsson hefur sem kunnugt er verið einn duglegasti baráttumadur fyrir íslenskri grafík á seinustu áratugum.

Jónas Guðmundsson



aukakosningar um þingsæti hans. Möltubúar hafa enga varapíngmenn heldur, en geyma kjörseðlana og telja þá að nýju næsta valkost á þeim, ef sæti verður autt. Enn fremur kemur til greina, að framboð sé tvöfalt og feli í sér varamann auk sjálfs framboðandans. Loks kemur til greina, að varamaður sé sá samflokksmaður, sem næstur gengur að atkvæðum í kosningunni, enda þótt slíkt sé reyndar ekki í fullu samræmi við persónulegt kjör.

Full þörf róttækra umbóta

Eins og þegar hefur komið fram, er það eitt víðfangsefni að ákveða hvaða kosningaáferð skuli fylgt, en annað að skipta landinu í kjördæmi og ákvarða vægi atkvæðanna í einstökum landshlutum, hvort alls staðar skuli jafn mörög atkvæði standa að baki hverjum þingmanni eða hvort misjöfn aðstæða þegnanna skal að nokkru leyti jöfnuð með mismunandi vægi atkvæðis.

Höfuðmáli skiptir, að menn geri sér grein fyrir þessu og geti hugleitt kosti persónukjörss með valkostum út af fyrir sig. Reyndar liggur það fyrir, að kjördæmaskiptingin og vægi atkvæða eru megindeiluefnið, þegar menn rökræða þessi mál. Um hitt er miklu minna og sjaldnar deilt, að taka beri upp persónulegt kjör, sem tryggir réttláta og hlutfallslega skiptingu þingsætanna milli stjórnmálaflokkanna í landinu.

Persónukjör með valkostum stenztlýðilega hvort sem kjördæmi eru stærra eða minni, hvort sem þau hafa öll jafnmörög þingsæti eða ekki. Um þessi efni verður að setja almennar reglur, sem gilda um land allt og geta stabið um tiltölulega langan tíma. Slíkar grundvallarreglur verða að fela þetta í sér:

almenna reglu um vægi atkvæða, hvort það á að vera hið sama eða því sem næst um land allt, eða hvort eitt hvort svigrúm á að vera eftir því hvort menn búa nær eða fjær miðstöðvum valdsins í landinu og þá hve mikið þetta svigrúm á að vera. Núverandi kerfi hefur enga slíka reglu og hefur þróunin stöðugt verið sú að auka á misvægi atkvæða eftir því hvar menn eru búsettir.

almenna reglu um það hve mörög þingsæti hvert kjördæmi skuli kjósa, hvort öll kjördæmin skuli hafa sömu þingsætatalu eða ekki og þá hver misnunurinn geti orðið. Ákvörðun um þetta atriði hlýtur að ráðast af því hvort svigrúm verður ákveðið um vægi atkvæðanna.

almenna reglu um fjölda og mörk kjördæma, hvort þeim skuli ekki breyta, en ef svo má, þá með hverjum hætti. ákvæði um endurskoðun samkvæmt þessum grundvallarreglum með einhverju tilteknu millibili. Danir og Írar gera þannig ráð fyrir endurskoðun a.m.k. á tólf ára tímabili. Sennilega væri heppilegast, að nefnd skipuð af Hæstarétti sæi um slíka endurskoðun.

Hjá því getur tæplega farið, að horfið verði frá núverandi kerfi innan mjög langs tíma. Þegar að því kemur, er nauðsynlegt, að ekki verði staðar numið við takmarkaðar lagfæringer eða hrófatildur. A þessu sviði, eins og svo mörgum öðrum, er full þörf róttækra umbóta. Framsóknarmenn hafa áður orðið að setja því að vera settir hjá, þegar þessi málefni hafa verið til umræðu og ákvörðunar. Það er á okkar valdi sjálfrá, að svo verði ekki einu sinni enn.

Þýzk grafík á vorum dögum.


Margir telja að Þjóðverjar séu meðal þeirra þjóða í Evrópu, sem hvað lengst hafa náð í grafískri myndgerð, og þá sér á parti í tækninni. Nöfn eins og Martin Schongauer og Albert Dürer koma einhvern veginn ósjálfrátt upp í hugann, og síðan koma þúsund nöfn og maður kann þó aðeins fá, sem þá fyrir hreina tilviljun hafa festst í minni, en fjöleflri þýzkra grafíklistamanna er slíkt, að það er

Útboð

Óskað er eftir tilboðum í rafskautskatla (gufu) 350 kw og 700 kw. Gögn fást afhent á verkfræðistofu Guðmundar G. Þórarínssonar, Skipholti 1.

Jörðin Eskifjardarsel

í Eskifirði er til sölu ef viðunandi tilboð fæst. Skipti á ibúð í Reykjavík koma til greina. Árni Halldórsson hrl. Egilsstöðum, sími 1313.



Heimsfrægar ljósasamlukur

6 og 12 v. 7'' og 5 3/4''

Bílaperur -- fjölbreytt úrval

Sendum gegn postkröfu um allt land.

SMYRILLE
ÁRMULA 7 - SÍMI 84450

AUGLÝSIÐ Í TÍMANUM